

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2022**2022/EES/61/41****frá 29. apríl 2022****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1449 frá 3. september 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2-fenýlfenól (þ.m.t. sölt þess, s.s. natríumsalt), 8-hýdroxýkínólín, amíðósúlfúrón, bífenox, klórmeqvat, klórótólúrón, klófentesín, klómasón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, díkamba, dífenókónasól, díflúfeníkan, dímetaklór, etófenprox, fenoxapróp-P, fenprópídín, flúdíoxóníl, flúfenaset, fosfíaset, indoxakarb, lenasíl, MCPA, MCPB, níkósúlfúrón, paraffínólúur, paraffínólúu, penkónasól, píklóram, própakvisafóp, prósuífókarb, kvisalófóp-P-etyl, kvisalófóp-P-tefúryl, brennistein, tetrakónasól, tríallat, tríflúsúlfúrón og trítósúlfúrón ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1451 frá 3. september 2021 um að samþykkja ekki dímetýlsúlfíð sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):
„– **32021 R 1449**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1449 frá 3. september 2021 (Stjtið. ESB L 313, 6.9. 2021, bls. 20).“
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13ZZZZZZZZZZze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1455):
„13ZZZZZZZZZZzf. **32021 R 1451**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1451 frá 3. september 2021 um að samþykkja ekki dímetýlsúlfíð sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 313, 6.9.2021, bls. 28).“

*2. gr.*Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/1449 og (ESB) 2021/1451, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 313, 6.9.2021, bls. 20.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 313, 6.9.2021, bls. 28.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.